

**Ríkissáttasemjari**

**07 302**

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Ríkissáttasemjari  
kt. 540676-0709  
Borgartúni 21, 105 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkissáttasemjari er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Hlutverk stofnunarinnar er að annast sáttastörf í vinnudeilum, fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði og halda skrá yfir gildandi kjarasamninga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 207,0 milljónir og afkoma kr. 18,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 22,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 70,2 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkissáttasemjara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkissáttasemjara fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

**Aðalsteinn Leifsson,**  
ríkissáttasemjari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	177.700.000	161.200.000
Seld þjónusta .....	3	16.134.200	6.270.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	8.869.520	10.967.040
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	4.278.771	3.876.568
<b>Tekjur samtals</b>		<b>206.982.491</b>	<b>182.313.608</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	83.732.985	87.872.465
Annar rekstrarkostnaður .....	6	100.173.265	105.852.461
Afskriftir .....	7	4.278.771	3.876.568
<b>Gjöld samtals</b>		<b>188.185.021</b>	<b>197.601.494</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>18.797.470</b>	<b>(15.287.886)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(49.129)	(52.636)
		(49.129)	(52.636)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>18.748.341</b>	<b>(15.340.522)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		19.857.815	21.160.595
Aðrar eignir .....		2.880.000	2.800.000
		<u>22.737.815</u>	<u>23.960.595</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>22.737.815</u>	<u>23.960.595</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		665.000	4.845.000
Tengdir aðilar .....	9	45.796.227	17.457.842
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		1.030.287	1.030.287
		<u>47.491.514</u>	<u>23.333.129</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>47.491.514</u>	<u>23.333.129</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>70.229.329</u>	<u>47.293.724</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		22.547.819	3.799.478
		<u>22.547.819</u>	<u>3.799.478</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	121.752	79.800
Viðskiptaskuldir .....		5.626.039	2.993.739
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	9.855.553	9.063.770
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	32.078.166	31.356.937
		<u>47.681.510</u>	<u>43.494.246</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>47.681.510</u>	<u>43.494.246</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>70.229.329</u>	<u>47.293.724</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		18.748.341	(15.340.522)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	4.278.771	3.876.568
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(4.278.771)	(3.876.568)
		<u>18.748.341</u>	<u>(15.340.522)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		4.180.000	(5.875.287)
Tengdir aðilar .....		(26.352.424)	20.872.371
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		3.424.083	343.438
		<u>(18.748.341)</u>	<u>15.340.522</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(3.055.991)	(6.039.658)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	336.000
		<u>(3.055.991)</u>	<u>(5.703.658)</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		3.055.991	5.703.658
		<u>3.055.991</u>	<u>5.703.658</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	177.700.000	161.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	4.278.771	3.876.568
	181.978.771	165.076.568

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	173.700.000	0	0	173.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	4.000.000	0	0	4.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>177.700.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>177.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(158.951.659)	0	0	(158.951.659)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>18.748.341</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>18.748.341</b>

	2022	2021
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Fræðslustarfsemi og fundir .....	16.134.200	6.270.000
	16.134.200	6.270.000

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	8.869.520	10.967.040
	8.869.520	10.967.040

	2022	2021
<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	64.791.714	70.119.561
Orlof, breyting .....	791.783	2.209.414
Launatengd gjöld .....	14.385.628	14.941.359
Starfsmannakostnaður .....	3.763.860	602.131
	83.732.985	87.872.465
Meðalfjöldi stöðugilda .....	3,4	3,9

## Skýringar

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.909.205	1.318.845
Byggingarvörur, almennar ....	47.000	341.889
Ýmis tæki og áhöld ....	302.613	848.854
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	274.440	0
Orkugjafir ....	37.614	1.148.851
Matvæli ....	5.726.479	3.561.597
Almennar rekstrarvörur ....	830.947	844.548
Vörukaup, almenn	<u>9.128.298</u>	<u>8.064.584</u>
Kennslu- og föndurvörur ....	0	10.000
Ýmsar sérgreindar vörur ....	0	245.466
Vörukaup, sérgreind	<u>0</u>	<u>255.466</u>
Fundir, námskeið, risna ....	7.014.919	700.081
Ferðir, uppihald ....	14.576.580	1.346.816
Akstur ....	731.868	339.337
Sérfræðiþjónusta ....	8.250.898	5.345.216
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	23.335	15.452
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	495.976	1.293.259
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	830.206	419.780
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>31.923.782</u>	<u>9.459.941</u>
Afnotagjöld ....	2.729.962	2.389.282
Leigugjöld ....	41.203.764	37.057.179
Notkun véla og flutningatækja ....	241.911	714.151
Verkkaup ....	10.550.752	43.176.317
Kostnaðarhlutdeild ....	4.392.510	4.218.405
Opinber gjöld ....	2.286	517.136
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>59.121.185</u>	<u>88.072.470</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>100.173.265</u>	<u>105.852.461</u>
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	4.278.771	3.876.568
	<u>4.278.771</u>	<u>3.876.568</u>

## Skýringar

	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	19.857.815	21.160.595
Aðrar eignir .....	2.880.000	2.800.000
	<u>22.737.815</u>	<u>23.960.595</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 01.01.2022 .....	35.764.923	2.800.000	38.564.923
Viðbætur á árinu .....	2.975.991	80.000	3.055.991
	<u>38.740.914</u>	<u>2.880.000</u>	<u>41.620.914</u>
Afskriftir 01.01.2022 .....	14.604.328	0	14.604.328
Afskrift ársins .....	4.278.771	0	4.278.771
	<u>18.883.099</u>	<u>0</u>	<u>18.883.099</u>
Staða 31.12.2022 .....	<u>19.857.815</u>	<u>2.880.000</u>	<u>22.737.815</u>

	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>9 Tengdir aðilar</b>		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	45.167.587	17.172.842
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	628.640	285.000
	<u>45.796.227</u>	<u>17.457.842</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	121.752	79.800
	<u>121.752</u>	<u>79.800</u>

## 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	3.799.478	46.604.415
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	(27.464.415)
Afkoma ársins .....	18.748.341	(15.340.522)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>22.547.819</u>	<u>3.799.478</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 0,0 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	9.855.553	9.063.770
	<u>9.855.553</u>	<u>9.063.770</u>

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	22.737.815	23.960.595
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	9.340.351	7.396.342
	<u>32.078.166</u>	<u>31.356.937</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	23.960.595	7.396.342	31.356.937
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	5.000.000	5.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	3.055.991	(3.055.991)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(4.278.771)	0	(4.278.771)
	<u>22.737.815</u>	<u>9.340.351</u>	<u>32.078.166</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 3,7 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði, árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 42,8 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekkur hennar.

#### Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.